Samfylkingin

Kópavogi, 3. september 2026

Tillaga um forgangsröðun aðgerða vegna Kópavogslækjar

Lagt er til að aðgerðir vegna hreinsunar Kópavogslækjar verði settar í forgang á vettvangi Kópavogsbæjar. Lagt er til að:

1. Að umhverfissviði Kópavogsbæjar verði falið að gera aðgerðaáætlun ásamt kostnaðaráætlun þar sem skref fyrir skref er gerð grein fyrir:
    a. Hvaða aðgerða þurfi að grípa til til að rekja mengun Kópavogslækjar, bæði efna- og skólpmengun, og hvað þurfi að gerast svo hægt sé að grípa til þeirra aðgerða; og
    b. Hvaða aðgerða þurfi að grípa til til að verjast mengun, bæði efna- og skólpmengun, í Kópavogslæk og hvað þurfi að gerast svo hægt sé að grípa til þeirra aðgerða;
2. Að vinnu vegna breytinga á deiliskipulagi vegna settjarna í Kópavogslæk verði forgangsraðað á vettvangi umhverfissviðs Kópavogsbæjar; og
3. Að umhverfissviði Kópavogsbæjar verði falið að koma fyrir merkingum meðfram Kópavogslæknum sem vara við mengun lækjarins þar til aðgerðir til úrbóta hafa borið árangur.

Að því er varðar aðgerðaáætlun, sbr. lið 1, skal haga henni eftir fremsta megni þannig að hún geti verið tekin fyrir til samþykktar og heimilað sviðum og skrifstofum Kópavogsbæjar að byrja framkvæmd hennar án tafar.

Greinagerð:

Mengun Kópavogslækjar hefur verið viðvarandi og hreinsun hans þarf að forgangsraða til að úrbótum verði við komið. Tillagan er flutt í kjölfar fyrirspurna fulltrúa Samfylkingar um ástand Kópavogslækjar. Lagt er til að unnin verði markviss aðgerðaáætlun, þar sem skref að markmiði eru kortlögð og þau sett í búning sem heimilar kjörnum fulltrúum Kópavogsbæjar að samþykkja að ráðist verði í þær aðgerðir sem þar eru tíundaðar.

Jafnframt liggur fyrir að vinna við deiliskipulagsbreytingar í Kópavogsdal til að heimila gerð settjarna er í vinnslu og er lagt til að þeirri vinnu verði forgangsraðað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Loks er lagt til að bæjarbúum sé skýrlega gerð grein fyrir slæmu ástandi lækjarins, svo grunlausir bæjarbúar vaði ekki í lækinn. Það er vitaskuld stórt og óþægilegt skref, en bænum er að mati undirritaðra ekki annað stætt á meðan ástand lækjarins er eins og raun ber vitni.

Eydís Inga Valsdóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingar
fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði

Orri Thor Eggertsson
varabæjarfulltrúi Samfylkingar
fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026